

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 17. apríl 2015 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-105/2014:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 5. desember sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún telur vera á reiðhjól, sem hún keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst nýrrar afhendingar.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 8. janúar sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 22. janúar. Hvorki andsvör né frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 10. apríl, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að 29. ágúst 2014 keypti álitsbeiðandi reiðhjól af gerðinni Trek GF X-Caliber 9 af seljanda fyrir kr. 159.992. Var hjólið keypt fyrir son álitsbeiðanda fyrir fermingarpeninga hans. Þegar sonur álitsbeiðanda var á leið heim til sín á hjólinu hinn 20. september sl. datt framhjólíð undan með þeim afleiðingum að drengurinn féll á andlitið. Brákaðist hann á kinnbeini, ásamt því að fá mörg sár og skurði á handleggi og andlit. Eftir komu á bráðamóttöku á Selfossi var drengurinn síðan sendur með sjúkrabifreið til Reykjavíkur. Hinn 22. september fór álitsbeiðandi með reiðhjólíð í verslun seljanda. Þar var tekið við hjólinu og það sent til innflutningsaðila hjólsins í Reykjavík. Var niðurstaða innflutningsaðilans sú að um tryggingamál væri að ræða. Var hjólið þá sent til tryggingafélags álitsbeiðanda, eftir að innflutningsaðilinn hafði skipt um hnakk, pedala o.fl., en þó ekki gaffal hjólsins, sem þó mun hafa orðið fyrir nokkru höggi. Tryggingarfélagið neitaði síðan að bæta hjólið að fullu þar sem það var í nothæfu ástandi eftir viðgerð innflutningsaðilans. Telur álitsbeiðandi ósanngjarnt að sonur hennar þurfi að setta sig við það að eiga nú afar laskað hjól, með illa förunum gaffli, sem í raun sé ekki víst að sé alveg öruggur. Þá segir álitsbeiðandi að seljandi haldi því fram að slysið hefði ekki getað átt sér stað nema vegna þess að átt hafi verið við reiðhjólíð og sveif þá er heldur framdekki þess á sínum stað. Tekur álitsbeiðandi fram að sonur hennar hafi ekkert átt við hjólið eða umrædda sveif.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af tölvupóstsamskiptum Neytendasamtakanna og seljanda vegna umrædds reiðhjóls, afrit af reikningi vegna kaupa á hjólinu ásamt myndum af gaffli hjólsins.

IV

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Seljandi hefur ekki sent kæruneftndinni andsvör og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem kemur fram í þeim gögnum sem álitsbeiðandi hefur sent nefndinni.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi reiðhjól af gerðinni Trek GF X-Caliber 9 af seljanda hinn 29. ágúst 2014 fyrir kr. 159.992. Tæpum mánuði eftir kaupin, þ.e. hinn 20. september sl., þegar sonur álitsbeiðanda var að hjóla til síns heima á reiðhjólinu, losnaði framdekk þess, með þeim afleiðingum að sonur álitsbeiðanda varð fyrir töluverðum áverkum. Innflutningsaðili hjólsins framkvæmdi í kjölfarið viðgerð á hjólinu sem álitsbeiðandi telur ekki fullnægjandi. Mun innflutningsaðilinn, sem og seljandi, ekki telja að galli hafi ollið því að framdekk reiðhjólsins losnaði undan því við notkun og hafna þeir því að gera frekari viðgerðir á hjólinu. Eins munu báðir aðilar hafna kröfum álitsbeiðanda um að sér verði afhent nýtt samskonar reiðhjól.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef „hann sé ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.“ Í a-lið 2. mgr. 15. gr. laganna segir að söluhlutur skuli „henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til“ og í b-lið sömu málsgreinar segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað.“ Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna.

Telur kæruneftndin engum vafa undirorpið að reiðhjól álitsbeiðanda hafi hlutlægt séð verið haldið galla í skilningi 16. gr., sbr. 15. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Af fyrrnefndri 1. mgr. 26. gr. laganna leiðir hins vegar að söluhlutur geti þó ekki talist gallaður nema að gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafi af aðstæðum sem hann varða“, þ.e. að ástand söluhlutarins verði ekki rakið til óeðlilegrar meðferðar neytanda á hlutnum. Alla jafna þarf sá aðili sem heldur fram galla að sýna fram á tilvist hans sem og að gallinn verði ekki rakinn meðferðar hans sjálfs á hlutnum. Í 2. mgr. 18. gr. laganna er hins vegar að finna undantekningu frá þessari reglu. Þar segir m.a.: „Ef annað sannast ekki skal galli, sem upp kemur innan sex mánaða frá því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda, talinn hafa verið til staðar á því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda. Þetta gildir þó ekki þegar telja verður að það geti ekki á nokkurn hátt samrýmst eðli gallans eða vörunnar.“

M.ö.o. hvílir sönnunarbyrðin fyrir því að söluhluturinn, í þessu tilviki reiðhjól það er álitsbeiðandi keypti af seljanda hinn 29. ágúst sl., sé ekki haldið galla, á seljanda, enda varð hins meinta galla vart innan 6 mánaða frá því kaupin fóru fram. Seljandi hefur í máli þessu ekki veitt andsvör. Þá telur kæruneftndin ekki tilefni til að ætla að lokamálsliður 2. mgr. 18. gr. laganna eigi hér við. Verður því að fallast á með álitsbeiðanda að reiðhjólið hafi verið haldið galla.

Í 26. gr. neytendakaupalaga er kveðið á um úrræði neytanda vegna galla. Segir þar m.a. eftirfarandi í 1. mgr.:

„Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur neytandi:

- a. haldið eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.;
- b. valið milli úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr.
- c. krafist afsláttar samkvæmt ákvæðum 31. gr.;
- d. krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 32. gr.;
- e. krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 33. gr.“

Álitsbeiðandi í máli þessu hefur krafist þess að seljandi afhendi sér nýtt samskonar reiðhjól og hún keypti af seljanda hinn 29. ágúst sl. Á sú krafa sér stoð í 29. og 30. gr. laga nr.

48/2003 um neytendakaup. Telur kæruneftndin rétt að fallast á þá kröfu. Skv. 1. mgr. 30. gr. skal ný afhending fara fram án kostnaðar og verulegs óhagræðis fyrir neytanda, innan hæfilegs tíma og þannig að neytandinn fái bætt útgjöld sín úr hendi seljanda.

V

Álitsorð

Seljandi, Y, afhendi álitsbeiðanda, X, nýtt samskonar reiðhjól og hún keypti af seljanda hinn 29. ágúst sl.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir